Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um
Velferðar- og vinnumarkaðsmál

FRAMFÆRSLA/FÁTÆKT, VELFERÐARÞJÓNUSTA OG BARNAFJÖLSKYLDUR

Hvað höfum við sagt áður?

Frá auka-árfundi í mars 2009

Málefni barna og barnafólks

- Mikilvægt er að styðja við bakið á barnafólki. Öflugasta leiðin til þess er að efla barnabótakerfið með því að hækka bæturnar og draga verulega úr tekjutengingum. Að tryggja öllum börnum aðgang að leikskólum, gæslu og máltíðum í grunnskólum ásamt íþrótta- og tómstundastarfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu foreldra.
    - Slíkt verður best gert með því að sveitarfélög dragi úr gjaldtöku og auki frekar kostnaðarþátttöku sína á þessum sviðum.
    - Huga þarf sérstaklega að þeim hópi sem ekki hefur tök á að greiða fyrir þjónustuna og tryggja að það hafi ekki áhrif á aðgengi eða félagslega stöðu barnanna.
- Að tryggja öllum börnum og unglingum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með auknum niðurgreiðslum á lyfjum og tannlækningum ásamt sjón-og heyrnatækjum.
- Að börnum með sérþarfir sé tryggður fullur stuðningur innan skólakerfisins og efld verði þjónusta í heimabyggð, þar sem hætt er við að þjónusta við þennan hóp dragist saman þegar þrengir að.

Frá ársfundi í október 2009

Úr ályktun um Hag heimilanna
Ársfundur ASÍ telur að þrátt fyrir efnahagsþrengingar verði að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu-og vaxtabóta, draga úr tekjutengingum, sameina þau og hækka bætur til þess að koma til móts við aukinn vaxta- og húsnæðiskostnað. Jafnframt verði barnabótakerfið varið og eflt. Ársfundurinn mótmælir þess vegna harðlega fyrirætlun stjórnvalda um rúmlega 3 milljarða niðurskurð þessara bóta sem kemur verst við ungt fólk og barnafjölskyldur sem fjárfestu í húsnæði á þeim tíma þegar íbúðarverð var langt yfir raunvirði og þann hóp sem stóð höllum fæti fyrir hrun.

Ársfundurinn hvetur stjórnvöld til þess að læra af reynslu nágrannaþjóðanna sem gengið hafa í gegnum sambærilega erfiðleika og gæta þess að félagslegar afleiðingar kreppunnar leggist ekki með óhóflegum þunga á börn og unglinga. Ársfundurinn leggur því áherslu á að nú þegar verði öllum grunnskólanemendum óháð efnahag foreldra, tryggðar skólamáltíðir og aðgangur að íþrótta- tómstundaog menningarstarfi og jafnrétti til náms tryggt án tillits til efnahags eða búsetu.

Staðan í dag?

- Heimilum sem glíma við fárhagserfiðleika hefur fjölgað mikið
- Þetta kemur m.a. fram í mikil aukningu í fjárhagsaðstoð sveitafélaganna – tæp 6.000 heimili fengu aðstoð í fyrra sbr. við um 5.000 árið 2008 og 4.300 árið 2007.
- Aðsókn í aðstoð hjá hjálparstofnum hefði aukist mikið undanfarin misseri en erfitt er að greina þann hóp sem þangað leitar. Þeir aðilar sem rætt var við eru þó sammála um að staða þeirra sem var veik fyrir fjármálahrun hafi nú enn versnað.
- Aukin fjárhagsaðstoð helst í hendur við aukið atvinnuleysi. Fyrir þá einstaklingar sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta er fjárhagsaðstoð sveitafélaganna sú lágmarks framfærsla sem hinu opinbera ber að tryggja. Um 40% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í fyrra var fólk án atvinnu.
- Einhleypir karlar (42%) og einstæðir foreldrar (32%) eru fjölmennustu hóparnir meðal þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.
- Tæplega 5% barna hér á landi búa á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð í fyrra.
- Samkvæmt leiðbeiningum sem félagsmálaráðuneytið gefur út og flest sveitarfélög taka mið af, skal fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri miðast að lágmarki við grunnupphæðina kr. 125.540 á mánuði og fjárhagsaðstoð hjóna m.v. 1,6 falda grunnfjárhæð eða kr. 200.864. Frá grunnfjárhæð dragast allar tekjur en við bætast húsaleigu- eða vaxtabætur. Viðmið sveitarfélaganna er þannig mun lægra en lágmarksbætur almannatrygginga (153.500/180.000) og grunnatvinnuleysisbætur (149.523).
- Fjárhagsstaða ríkis- og margra sveitarfélaga slæm
- Fyrirhugaður niðurskurður í barna –og vaxtabótakerfinu um 3 milljarða króna
- Grunn húsaleigubætur hafa verið óbreyttar frá árinu 2008 og hafa því rýrnað mikið að verðgildi. Fyrirhugaður niðurskurður í framlögum ríkisins til húsaleigubóta – núverandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga rann út í mars.
- Hætta er á að í sparnaðarskyni verði dregið úr þjónustu sveitafélaga, gjaldtaka verði aukin og dregið úr niðurgreiðslum t.d. til íþrótta- og tómstundastarfa.